

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 4. desember 2020
nr. erindis 202011109 MÁ


Málefni: Umsögn: varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Sveitarfélagið Hornafjörður er ekki á þekktu snjóflóðasvæði. Ný náttúruógn er þó að gera vart við sig, það er hættu á ofanflóðum vegna hopun jökla. Við búum við mikla ofanflóða ógn á Svínafellsheiði við Svínafellsjökul. Veðurstofan hefur metið hættuna gagnvart byggð og er mesta hættan við byggð í Freysnesi og tengt atvinnurekstri þar og einnig á vestasta íbúðarhúsi að Svínafelli. Hættan eykst eftir því sem lengra líður þar til ofanflóð á sér stað vegna hopunar jökulsins.

Sveitarfélagið fagnar nýjum markmiðum laganna, þ.e. að aftra því að manntjón hljótist af eða fólk slasist af völdum ofanflóða, sér í lagi á heimilum sínum. Lögin styðja þó ekki við það markmið að öllu leiti því það á eingöngu við í þéttbýli. Í Freysnesi og á vestustu bæjum í Svínafelli var hættan vegna ofanflóðs ekki til staðar þegar byggð og atvinnurekstur voru skipulögð. Þegar núverandi hættu skapast eru forsendur breyttar. Lögin heimila þó ekki uppkaup á eignum í dreifbýli.

Í c. lið markmiðanna er áhersla á að vinna að vörnum með áherslu á varnarvirki til að verja fólk á heimilum sínum og þar sem fólk dvelur á mennta- og heilbrigðisstofnunum í núverandi byggð. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands þá fjármagnar ríkið ekki varnarvirki í dreifbýli og ekki þar sem er atvinnustarfsemi. Skoða þarf hvernig er hægt að bregðast við náttúruvá sem nú steðjar að í Freysnesi og Svínafelli með einhverjum stuðningi við eigendur fasteigna á svæðinu annað hvort með uppbyggingu varnarmannvirkja eða mögulegum uppkaupum.

Virðingarfyllst


Matthildur Ásmundardóttir

bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

